



## A 1728/kultur

**Flytjandi** Flokkahópur jafnaðarmanna  
**Afgreiðsla** Norræna þekkingar- og menningarnefndin

**Þingmannatillaga um alþjóðlegan stafrænan gagnabanka á Svalbarða****Tillaga**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

*að hún styðji Arctic World Archives verkefnið með þekkingu og fjárhagslegum stuðningi til þess að byggja trausta, varanlega og traustvekjandi innviði og þrói verkefnið í alþjóðlegan gagnabanka að sömu fyrirmynd og alþjóðlegi fræbankinn á Svalbarða.*

**Aðdragandi**

Á 78 gráðum norður, miðja vegu milli meginlands Noregs og Norðurlands, er stærsta öryggisgeymsla veraldar fyrir fræ. Í köldum og þurrum geymsluhólfum í fjallinu er varðveitt fræ frá öllum heimshornum, til öruggar og réttar geymslu í sífreranum. Þegar árið 1984 tók Norræni genabankinn fyrir nytjajurtir í notkun öryggisgeymslu sína fyrir fræ frá Norðurlöndunum í aflagðri námu og fyrsti alþjóðlegi fræbankinn, alþjóðlegi fræbankinn á Svalbarða, var opnaður af norsku ríkisstjórninni í febrúar 2008 og er rekinn af Norrænu erfðaauðlindastofnuninni (NordGen).

Fræbankanum var komið á fót til að varðveita hina miklu fjölbreytni erfðaauðlinda nytjajurta heimsins og forða þeim þar með frá staðbundnum eða hnattrænum hamförum eins og styrjöldum, hryðjuverkum og náttúruhamförum. Jafnframt er fræbankinn bundinn af ákvæðum Svalbarðasamningsins.

*Gagnabanki fyrir verðmæt alþjóðleg gögn*

Í mars 2017 var einkarekna gagnageymsluþjónustan *Arctic World Archive* formlega opnuð í aflagðri námu á Svalbarða. Á sama hátt og alþjóðlegi fræbankinn á Svalbarða er geymslusafn fyrir fræ frá öllum heimshornum er það markmið *Arctic World Archive* að bjóða upp á gríðarlega örugga geymsluþjónustu til lengri tíma litið fyrir verðmætustu stafrænu gögn í heimi inni í alþjóðlegum gagnabanka á norðurlöndum, í iðrum fjallsins. Þjóðskjalasöfn Brasilíu og Mexíkó ásamt stafrænni þekkingarmiðstöð norsku sveitarfélaganna voru meðal fyrstu stofnananna sem afhentu gögn til vörslu í gagnabankanum.

*Arctic World Archive* er byggt á tækni sem hentar til langtímageymslu þar sem stafræn gögn eru færð yfir á pólýesterfilmu með aðstoð tvíundakóða. Filman er mjög



slitþolin og þannig úr garði gerð að hún þolir gifurlegan kulda og að verða fryst og þídd aftur og aftur. Hún er geymd inni í fjallinu og geymslan krefst ekki neins utanaðkomandi rafmagns eða annarrar orku til varðveislu gagnanna – kannski er hér um að ræða vistvænstu geymslutækni í heimi. Prófanir sýna að filman endist í að minnsta kosti 500 ár og meira að segja eftir margra hundraða ára geymslu munu stafrænu gögnin á filmunni vera læsileg fyrir þann sem hefur ljósgjafa, myndavél og tölvu sem yfirfæra má gögnin á.

Opnun gagnabankans vakti mikinn áhuga um heim allan og verkefnið hefur fengið mjög jákvæð viðbrögð víða að.

Flokkahópur jafnaðarmanna í Norðurlandaráði telur *Arctic World Archives* verkefnið vera verðugt og vill vinna að því að þróa það í alþjóðlegan gagnabanka og tryggja þar með aðgang að sjálfbærri geymslu gagna til framtíðar, óháða einkareknum fyrirtækjum. Svalbarði getur orðið alþjóðleg miðstöð fyrir örugga geymslu á fræi, lifandi plöntum og gögnum heimsins til framtíðar.

Tusby, 9. ágúst 2017.

*Annette Lind (S)*  
*Emilia Töyrä (S)*  
*Erkki Tuomioja (sd)*  
*Johan Andersson (S)*  
*Jorodd Asphjell (A)*  
*Karen J. Klint (S)*  
*Karin Gaardsted (S)*  
*Kåre Simensen (A)*  
*Lars Mejern Larsson (S)*  
*Lennart Axelsson (S)*

*Maarit Feldt-Ranta (sd)*  
*Oddný Harðardóttir (A)*  
*Peter Johnsson (S)*  
*Phia Andersson (S)*  
*Pyry Niemi (S)*  
*Rikard Larsson (S)*  
*Ruth Mari Grung (A)*  
*Sonja Mandt (A)*  
*Suzanne Svensson (S)*  
*Tony Wikström (ÅSD)*  
*Ville Skinnari (sd)*